



Grænfánaskýrsla Skýjaborgar 2021-2023



Eyrún Jóna Reynisdóttir
Maí 2023

Efnisyfirlit

Um Leikskólann	3
Umhverfisnefndir	3
Mat á stöðu umhverfismála í leikskólanum.....	4
Áætlun um aðgerðir og markmið	4
Eftirlit og endurmat	8
Námsefnisgerð og tenging við aðalnámskrá	9
Verkefni sem unnin voru til að ná markmiðum:	9
Önnur verkefni sem tengjast sjálfbærni/umhverfismálum við skólann.....	11
Tenging við aðalnámskrá	13
Tenging við skólanámskrána	14
Að upplýsa og fá aðra með	14
Umhverfissáttmáli	16
Lokaorð	17
Fylgiskjal 1 – Fundargerðir	18
Fylgiskjal 2 – Gátlisti – haust 2021.....	23

Um Leikskólann

Einkunnarorð Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar eru:
Vellíðan – Virðing – Metnaður – Samvinna.

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar varð til við sameiningu leikskólans Skýjaborgar og grunnskólans Heiðarskóla árið 2011. Leikskólasvið skólans heldur sínu nafni, Skýjaborg og er í sér húsnæði. Skýjaborg er tveggja deilda og eru um 40 börn frá 1-6 ára. Skýjaborg flaggaði sínum fyrsta Grænfána 2010, öðrum 2012, þriðja 2014, fjórða 2017 (þrjú ár voru á milli til að samstilla Skýjaborg og Heiðarskóla), fimmta 2019 og sjötta 2021. Hér lítur því dagsins ljós sjöunda skýrsla Grænfánaverkefnis leikskólans Skýjaborgar. Þegar sótt var um Grænfánann í fyrsta sinn var ákveðið að fara í gagngera endurskoðun á skólanámskránni og tryggja að umhverfissjónarmið væru eins og rauður þráður í gegnum allt starfið. Þannig er ekki megináhersla á að vinna afmörkuð verkefni er lúta sérstaklega að umhverfisvernd, heldur að í öllu starfi og skipulagi sé hugsað um að tengja við umhverfis- og náttúruvernd og fræðslu. Við endurgerð skólanámskrár og uppfærslum hefur þessu vinnulagi verið viðhaft.

Allt skipulag innanhúss miðar að því að það sé auðvelt og eðlilegt að hugsa um hvað við kaupum inn, hverju við hendum og hvernig við göngum um okkar nærumhverfi. Starfsfólk er sammála um að þessi leið sé góð og að auðvelt sé að vinna með verkefnið þegar það er unnið sem partur af öllu starfinu.

Þegar við unnum að skrefunum sjö (2009-2010), unnum við sérstaklega með þemun rafmagn og vatn, endurbættum umhverfissáttmálann og lögðum áherslu á að raddir barna fengju að heyrast meira í umræðu um umhverfismál. Næstu ár á eftir, 2010-2014, héldum við áfram að vinna með þemað vatn, einnig unnum við með þemun úrgangur og átthagar. Áhersla 2014-2017 var á átthaga og lýðheilsu og 2017-2019 á þemun *neysla og úrgangur og átthagar og landslag*. Áhersla 2019-2021 var á þemun *vatn og lífbreytileiki*. Áhersla síðustu tveggja ára hefur verið á *hnattrænt jafnrétti og lýðheilsu*.



Í skýrslunni er farið yfir stöðu umhverfismála í leikskólanum, þau verkefni sem leikskólinn hefur unnið að á síðastliðnum tveimur árum ásamt fundargerðum umhverfisnefnda og öðrum fylgiskjöllum.

Umhverfisnefndir

Umhverfisnefndir í Skýjaborg eru tvær, annars vegar elsti árgangur barna í leikskólanum ásamt sínum kennara/kennurum og hins vegar umhverfisnefnd starfsmanna sem allir starfsmenn sitja í. Síðan haustið 2010 hefur elsti árgangurinn verið í umhverfisnefnd og er áherslan á að hlusta á þeirra viðhorf, skoðanir og hugmyndir. Á fundum er farið vel yfir hlutverk umhverfisnefndarinnar, Grænfánaverkefnið og er reynt að vekja ábyrgðarkennd barnanna fyrir nánasta umhverfi okkar. Fundirnir eru misformlegir eftir viðfangsefnum fundanna. Stundum er fundurinn hefðbundinn, þar sem setið er við borð eða í

hring og spjallað um ákveðið viðfangsefni en stundum er viðfangsefnið þannig að það er gert í verki og rætt við börnin á meðan unnið er að ákveðnu umhverfisverkefni. Kemur það fram í fundargerðunum.

Umhverfisnefnd starfsmanna er óformleg. Leikskólastjóri heldur umhverfisnefndarfundi með öllu starfsfólki á skipulagsdögum í samstarfi við þá kennara sem sitja með börnunum í umhverfisnefnd. Yfirleitt eru ekki eru teknar ákvarðanir nema allt starfsfólkið sé með í ráðum.

Umhverfisnefnd barna fundaði oftár óformlega heldur en formlega á tímabilinu, en skráðar voru fundargerðir. Umhverfisnefnd fullorðinna fundaði sjö sinnum á tímabilinu. Niðurstöður funda voru skráðar í fundargerðir sem finna má í fylgiskjali 1.

Mat á stöðu umhverfismála í leikskólanum

Í upphafi tímabilsins fundaði starfsfólk / umhverfisnefnd fullorðinna. Það skoðaði þau þemu sem eru innan Grænfánans. Út frá því starfi sem hefur verið í gangi í Skýjaborg, kom umræða að við vildum bæta okkur í hnattrænu jafnrétti þar sem lítið hefur verið unnið með það í leikskólanum og ákváðum því að hafa það sem þema þetta grænfánatímabil. Umhverfisnefnd barna fór yfir umhverfisgátlista sem tengdist hnattrænu jafnrétti (sjá í fylgiskjali 2). Þetta þema gerði það að verkum að starfsfólkið þurfti að funda oftár í skipulagningu. Einnig var nýr starfsmaður verkefnisstjóri Grænfánans, ekki í fullri vinnu og voru smá hnökrar á framkvæmdinni í upphafi.

Ákveðið var að hafa einnig lýðsheilsuþema því í gangi voru nýjar áherslur innan leikskólans sem féllu vel að því markmiði. Sum markmið lýðsheilsuþemans voru þegar farin af stað strax um haustið og önnur vinna hófst fljótlega eftir að aðgerðaráætlun var komin upp (sjá nánar hér fyrir neðan). Við náðum þó ekki að fylgja eftir aðgerðaráætlun að fullu. Upp komu rakaskemmdir / byrjun á myglu á annarri deildinni og þurfti að loka henni í tæpan mánuð í mars/apríl á meðan viðgerð stóð yfir. Stór hluti eldri deildarinnar sótti leikskóla í Heiðarskóla. Þetta tímabil var mikil áskorun fyrir starfsfólk og börn og fundu öll fyrir miklu álagi. Þetta setti strik í reikninginn út skólaárið, ásamt töluverði starfsmannaveltu sem varð þarna um vorið. Svo grænfánavinnan sem var farin af stað stoppaði og hófst aftur að nýju um haustið.

Í lok tímabilsins fór leikskólastjóri ásamt verkefnisstjóra og deildarstjóra yfir aðgerðaráætlun Grænfánans. Farið var yfir hvernig til tókst.

Áætlun um aðgerðir og markmið

Leikskólastjóri setti upp aðgerðaráætlun í september 2021 út frá þeim ákvörðunum sem höfðu verið teknar varðandi þemu og markmið. Hér má sjá aðgerðaráætlunina:

Aðgerðaáætlun Grænfánans 2021-2023				Leikskólinn Skýjaborg		
Dagsetning: September 2021						
Umhverfisnefnd: Starfsmenn Skýjaborgar / elsti árgangur leikskólans						
Þema	Markmið	Aðgerðir/leiðir	Ábyrgir aðilar	Efni/Áhöld	Tímarammi	Árangursmat
Hnattraent jafnrétti	1. Vinna markvisst með þjóðerni eða uppruna barna og starfsfólks í leikskólanum og kynna þannig ólíka menningarheima og lönd.	a. Gera þjóðerni sem eru innan leikskólans sýnileg með velkomin skilti. Þá myndi standa á skiltinu: Velkomin (Íslenska).	Deildarstjórar	Fánar. Heyra í foreldrum. Hvernig skrifum við velkomin á ýkkar tungumáli?	Lokið í mars 2022	Eru komin upp skilti í fataherbergjum?
		b. Heimamenning. Allir fá veggspjald með sér heim og að börn og foreldrar vinna saman að því að búa til veggspjald um hvað börnin vilja sýna að heiman. Foreldrum boðið að prenta út myndir í leikskólanum svo ekkert stæði í vegi fyrir að útbúa veggspjald.	Deildarstjórar	Veggspjöld A3 í ýmsum litum. Prentari.	Janúar - maí 2022	Hvert spjald skoðað með allri deildinni í samverustundum, jafnóðum og ný veggspjöld koma að heiman.
		c.				
		d.				
	2. Kynast þeim fjölbreyttu tungumálum sem börn og starfsfólk tala.	a. Setja upp tungumál vikunnar. Hvert tungumál sem er talað innan leikskólans fær eina viku. Kennarar kynna tungumálið, fá upplýsingar frá foreldrum um hvernig orð eins og fataherbergi, salerni, listasmíðja, eldhús, góðan dag og velkomin eru skrifuð á tungumálinu og merkjá umhverfið. Í tungumálavikunum er hellað og kvatt á tungumáli vikunnar og börn og starfsfólk læra nokkur orð á tungumálinu og/eða lag, gjarnan í samverustundum og við matarborðið en einnig fyrir utan það. Þá eru foreldrar hvattir til þess að koma og lesa fyrir börnin, kenna þeim lag, telja á tungumálinu eða hvað sem þeim dettur í hug. Börnin eru líka hvött til þess að koma með bækur á sínu heimamáli í leikskólanum. Tónlist að heiman. Biðja foreldra um lög sem börnin hlusta á heima. Læra lög á mismunandi tungumálum.	Deildarstjórar	Samstarf við foreldra.	nóvember 2022 - febrúar 2023	Hafa öll tungumál fengið sína viku? Hvernig gekk?
		b.				
		c.				
		d.				
	3. Kynna ólíka menningarheima fyrir börnunum og aðstæður jafnaldra þeirra í fjarlægðum löndum.	a. Fá bækur sem tengjast hnattraenu jafnrétti. Lesa bækur, ræða. Hafa öll börn það jafn gott í heiminum? Getum við gert eitthvað?	Deildarstjórar	Bækur - bókasófn.	September 2021-maí 2023	
		b. Horfa á fræðslumyndbönd sólbíómaleikskóla.	Deildarstjórar. Hópstjórar á eldri deild	Ípad. Slóð: https://www.sos.is/um-sos/annad/solblomaleikskolar/	September 2021-maí 2023	
		c. Læra heimsálfalagið?	Deildarstjórar.	Texti og lag.	??	??
		d. Sýngja á ólíkum tungumálum.				
Lýðheilsa	4. Auka tækifæri barnanna í útinámi og meiri ánægju í útiveru.	a. Útbúa útielthús og drullumall á leikskólalóðinni. Útivera stuðlar að aukinni náttúrutengingu.	Leikskólastjóri - leyfi. Dropinn - starfsfólk.	Ýmis áhöld sem þarf í eldhúsið.	október 2021 - maí 2022.	Er eldhúsið komið upp? Hvernig er það í umgengni? Stuðlar útíleiksvæðið að aukinni ánægju í útiveru og bættri líðan barnanna?
		b. Fara í reglulegar göngu- og/eða vettvangsferðir.	Deildarstjórar. Allt starfsfólk.		September 2021-maí 2023	Fara öll börn í leikskólanum reglulega í göngu- og/eða vettvangsferðir?
		c.				
		d.				
Lýðheilsa	5. Bjóða upp á jóga, hugleiðslu og/eða núvítundaræfingar.	a. Reglulegar jóga, hugleiðslu og/eða núvítundaræfingar í boði fyrir börnin.	Deildarstjórar	Jóga - efniviður. Hugarfrelsi-efnið.	September 2021-maí 2023	Eru reglulegar jóga, hugleiðslu og/eða núvítundaræfingar í boði fyrir börnin á deildunum?
		b.				
		c.				
		d.				
Lýðheilsa	6. Hvetja til vatnsdrekku.	a. Bjóða börnunum upp á að koma með vatnsbrúsa að heiman. Aukið aðgengi að vatni. Aukið hreinlæti, allir drekka úr sínum brúsa. Minnkar uppvask á glösum fyrir utan matmálmíma.	Deildarstjórar	Vatnsbrúsar að heiman. Vatn úr krana.	September 2021-maí 2023	Er börnunum boðið upp á að koma með vatnsbrúsa að heiman? Elga brúsarnir sér samastaðinn á deildum?
		b.				
		c.				
		d.				

Aðgerðaráætlunin hékk uppi í undirbúningsherbergi frá því hún var tilbúin og út grænfánatímabilið. Það gerði kennurum kleift að hafa þetta fyrir framan sig og tækifæri til upprifjunar.

- Markmið 1 – Vinna markvisst með þjóðerni eða uppruna barna og starfsfólks í leikskólanum og kynna þannig ólíka menningarheima og lönd.

Byrjað var á vinnu við *Velkomin* skilti á tungumálum sem tengjast leikskólanum vorið 2022. Þegar loka þurfti annarri deildinni þá um vorið týndist afraksturinn sem kominn var. Byrjað var því aftur á grunni næsta vetur og voru skiltin hengd upp í fataherbergi Regnbogans.



Á vormánuðum 2023 var farið af stað með heimamenningar-verkefnið á Regnboganum. Börnin fengu A3 veggspjald með sér heim og unnu verkefnið í samstarfi við foreldra sína. Þetta var mjög skemmtileg vinna og spurðu börnin á Regnboganum af hverju starfsfólkið og Dropa-börnin gerðu ekki líka veggspjald. Starfsfólkið tók þetta til sín og fór á fullt að útbúa heimamenningar-veggspjald fyrir sig. Einnig var rætt við deildarstjóra Dropans og þeim boðið að taka þátt. Sú vinna er ekki farin af stað.

- Markmið 2 – Kynnast þeim fjölbreyttu tungumálum sem börn og starfsfólk tala.

Vegna tímaskorts tókst ekki að uppfylla markmiðið að setja upp tungumál vikunnar. Þó var unnið með tungumál barna og starfsfólks á sameiginlegum söngstundum 1x í viku. Þá var sungið á fjölbreyttum tungumálum og mátti sjá gleði hjá þeim börnum sem áttu þau tungumál.

- Markmið 3 – Kynna ólíka menningarheima fyrir börnunum og aðstæður jafnaldra þeirra í fjarlægðum löndum.

Þessu markmiði var náð að hluta. Eitthvað var um lestur bóka sem tengjast hnattrænu jafnrétti. Mikið var um söng á fjölbreyttum tungumálum sem tengjast leikskólanum.

- Markmið 4 – Auka tækifæri barnanna í útinámi og meiri ánægju í útiveru.

Útbúið var útielldhús á skólalóðinni. Mjög skemmtilegt verkefni þar sem foreldrar voru virkjaðir til þátttöku. Einn pabbi og afi smíðuðu útielldhúsið fyrir leikskólann, svo voru pabbar sem voru búnir að bjóða okkur að koma með mold og sand. Við gátum þó sótt mold sjálf síðasta sumar í moldarhaug sem í boði var. Margir hjálpuðust svo að við að safna pottum, pönnum, könnum o.fl. í eldhúsið. Útielldhúsið er vinsæll leikstaður og verður ávallt mikill leikur þar. Áform eru að finna eða smíða kassa undir pottana og annan efnivið sem notaður er og hafa á staðnum. Einnig er enginn krani nálægt útielldhúsinu og því töluverður spotti að sækja vatn fyrir drullumallið. Hafa þarf það í huga og hvort mögulegt sé að auðvelda aðgengi að vatni á svæðinu.



Eins oft og kostur er var farið í göngu- og vettvangsferðir í nærumhverfið. Það er í góðu ferli og er starfsfólk duglegt að fara út fyrir skólalóðina. Auk þess fer elsti árgangur í skógar- og fjöruferð með 1. bekk.



Starfsfólkið er duglegt að finna eitthvað áhugavert og tengja við vettvangsferðir í nærumhverfinu. Á vorönn 2023 voru börnin á Regnboganum heldur betur tekin með í ævintýri. Einn leikskólakennari átti kanínuna Elsu. Hún hafði sloppið úr búrinu sínu og var mikið búin að reyna að veiða hana með engum árangri. Sést hafði til hennar í nærumhverfinu að borða frá hænum og fela sig undir garðpöllum. Leikskólakennarinn fékk þá fellibúr að láni og tók allan barnahópinn með sér að setja það upp, setja hey og gómsætan mat fyrir kanínuna inn í búrið. Svo þurftu börnin að bíða og bíða. Einn morguninn fóru þau að vitja búrsins og viti menn, Elsa kanína var komin í búrið. Öll börnin fengu að heilsa kanínunni og hjálpa til við að koma henni aftur heim.



- Markmið 5 – Bjóða upp á jóga, hugleiðslu og/eða núvitundaræfingar.

Hugarfrelsis-kennslufnið var notað fyrra skólaárið og fengu börnin á hverjum degi rólega stund eftir hádegismatinn þar sem boðið var upp á jóga, hugleiðslu eða núvitundaræfingar. Seinna skólaárið tóku við aðrar áherslur, við vorum í þróunarverkefni sem tók hug og tíma starfsmanna. Eftir hádegismatinn tók við hvíldarstund í stað hugarfrelsis-kennslufnisins. Endurskoðun á hvíldarstundum verður þegar þróunarverkefnið eftir fest sig betur í sessi.



- Markmið 6 – Hvetja til vatnsdrykkju

Börnunum var boðið að koma með vatnsbrúsa að heiman til að auka aðgengi barnanna að vatni. Aukið hreinlæti, þar sem allir drekka úr sínum brúsa og minna uppvask á glösum fyrir utan matmálstíma. Brúsarnir voru teknir rólega inn og gekk það mjög vel og ánægja barnanna mikil með brúsana. Prófað hefur verið bæði að senda brúsana heim til þvottar og einnig að leikskólinn sjái um þrifin. Starfsfólki fannst minna vesen að leikskólinn sjái um þrifinn, því brúsarnir komu ekki endilega aftur að heiman. Önnur áskorun sem við horfðum fram á var að það er misauðvelt að þrifa brúsana, margir brúsar á markaði í dag eru flóknir, með rörum o.fl. sem erfitt reynist að þrifa og er gróðrarstía fyrir myglu. Ákveðið hefur verið að setja inn í foreldrahandbókina leiðbeiningar um að hafa góða einfalda brúsa sem auðvelt er að þrifa. Kemur það inn fyrir haustið 2023.

Eftirlit og endurmat

Verkefnastjórar hafa eftirlitshlutverk með verkefninu og passa upp á að umhverfissjónarmið séu tekin til greina við ákvarðanatöku og í verkefnavinnu. Þetta tímabil hefur Eyrún Jóna Reynisdóttir,

leikskólastjóri verið með yfirumsjón. Guðrún Magnúsdóttir var verkefnastjóri fyrra árið og seinna árið var Karina A. Podlowska verkefnisstjóri með aðstoð frá Báru Tómasdóttur deildarstjóra.

Farið var reglulega yfir markmiðin/aðgerðaráætlunina á starfsmannafundum, staða könnuð og áframhald áætlað. Síðustu ár hefur verið útbúinn mánaðartengdur grænfánagátlisti, en á síðasta grænfánatímabili var ákveðið að setja grænfánavinnu frekar inn í mánaðardagatölin, þannig að foreldrar gætu einnig séð hvað væri í gangi. Það fyrirkomulag gekk ekki upp. Leikskólastjóri var hins vegar duglegur að minna reglulega á grænfánaverkefnin og aðstoðaði við framkvæmd, en það var mikilvægt því nýjir verkefnisstjórar voru að taka við bæði skólaárin. Nýjum starfsmönnum er leiðbeint með verkefnið þegar þeir hefja störf við leikskólann. Mánaðardagatöl leikskólans má finna hér á heimasíðu skólans: <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skyjaborg/skolastarfid/manadardagatol>. Endurskoða þarf fyrra fyrirkomulag fyrir næsta skólaár.

Námsefnisgerð og tenging við aðalnámskrá

Hér fyrir neðan er farið yfir annars vegar þau verkefni sem unnin voru til að ná markmiðum og hins vegar önnur verkefni sem eru orðin fastur liður og tengjast sjálfbærni og/eða umhverfismálum.

Verkefni sem unnin voru til að ná markmiðum:

Verkefni sem unnin voru til að ná markmiðunum má sjá hér að ofan inn í kaflanum um áætlun um aðgerðir og markmið. Til að sýna sem best hvað var gert til að ná markmiðunum verður vísað í Ársskýrslur Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Í ársskýrslu er tekið saman hvað var gert í umhverfismálum það árið og má sjá samantekt síðustu tvö skólaárin hér fyrir neðan:

Umhverfismennt í Skyjaborg 2021-2022

Umhverfisnefndir skólans eru tvær, annars vegar umhverfisnefnd elsta árgangs skólans og hins vegar umhverfisnefnd alls starfsfólks skólans. Á skólaárinu voru haldnir þrír fundir í umhverfisnefnd barna og tveir í umhverfisnefnd starfsfólks.

Í upphafi hausts kom umhverfisnefnd starfsmanna saman og fór yfir það starf sem hefur verið og þá kom fram að starfsfólk vill bæta sig í hnattrænu jafnrétti og því var ákveðið að hafa það sem þema fyrir þetta grænfánatímabil. Settir voru niður punktar til að vinna eftir næstu tvö árin. Í kjölfarið fundaði umhverfisnefnd barna. Á þeim fundi var rifjað upp fyrir hvað Grænfáninn stendur og þemað hnattrænt jafnrétti rætt og þau verkefni sem börnin vildu vinna að í tengslum við það. Auk hnattræns jafnréttis var ákveðið að leggja einnig áherslu á þemað lýðheilsu. Að lokum var sett upp aðgerðaráætlun.

Í vetur var áætlað að gera þjóðerni sem eru innan leikskólans sýnileg með *velkomin* skilti. Byrjað var á þessari vinnu, búið var að mála *velkomin* stafi og klippa út. Einnig var búið að útbúa *velkomin* á frönsku þar sem eitt frönskumælandi barn er í umhverfisnefnd barna. Sú vinna stoppaði þegar stór hluti Regnbogabarna þurfti að sækja leikskóla tímundið í tæpan mánuð í Heiðarskóla. Haldið verður áfram með þessa vinnu í ágúst 2022. Í vetur var einnig áætlað að börnin gerðu í samstarfi við foreldrana veggspjöld með heimamenningu sinni. Við komumst ekki af stað með þetta verkefni en stefnum á það strax í haust.

Við byrjuðum að vinna að útielldhúsi og drullumalli á leikskólalóðinni. Einn góður faðir ásamt afa útbjó útielldhús og gaf okkur. Við höfum verið að fresta því að fá mold og sand því það eru svo margir kettir í hverfinu okkar núna og nýr sandur og mold yrði líklega bara flott klósett fyrir þá. Við höfum því verið að hugsa hvernig hægt sé að útbúa þetta þannig hægt sé að loka svæðinu eða loka yfir moldina og sandinn.

Við höfum aðeins verið að vinna að því að kynna ólíka menningarheima fyrir börnunum og aðstæðna jafnaldra þeirra í fjarlægðum löndum. Haldið verður áfram með þá vinnu. Við höfum verið dugleg að syngja á ólíkum tungumálum í sameiginlegum söngstundum 1x í viku, s.s. ensku og pólsku. Farið hefur verið í reglulegar göngu og/eða vettvangsferðir í vetur. Einnig hafa börnin farið í reglulega hugarfrelsisstund þar sem farið er í jóga, hugleiðslu, slökun og/eða nútíttundaræfingar. Allir foreldrar hafa verið hvattir til að koma með vatnsbrúsa að heiman fyrir barnið sitt. Er þetta vel komið í sessi á Dropanum og brúsum fer hratt fjölgandi á Regnboganum.

Í febrúar settum við niður sumarblómafræ. Fljótlega þurftu þeir sem sáu um vökvun að sækja leikskóla í Heiðarskóla tímabundið og þá voru blómin ofvökvuð og allt drapst. Ákveðið var að reyna ekki aftur þetta vor.

Tveir starfsmenn sátu Afmælisráðsstefnu Grænfánans.

Eyrún Jóna Reynisdóttir, júní 2022

Umhverfismennt í Skýjaborg 2022-2023

Umhverfisnefndir skólans eru tvær, annars vegar umhverfisnefnd elsta árgangs skólans og hins vegar umhverfisnefnd alls starfsfólks skólans. Á skólaárinu voru haldnir fjórir fundir í umhverfisnefnd barna og tveir í umhverfisnefnd starfsfólks. Að auki var ýmislegt annað brallað tengt umhverfismennt sem ekki var skráð í fundargerðir.

Í haust tók við nýr verkefnisstjóri Grænfánans, Karina A. Podlowska. Tekin var staðan í upphafi hausts, hvaða markmið þurfti að vinna með í vetur og hvaða markmið við mögulega þyrftum að leggja til hliðar til að geta sinnt öllu vel. Mikil vinna starfsfólks fór í að klára vinnu við þróunarverkefnið Snemmtæk íhlutun í mál og læsi fyrir áramót svo lítil vinna við markmið Grænfánans fór af stað. Í janúar var rætt við börnin um matarsóun og um mikilvægi þess að skammta sér minna á diskinn og fá sér frekar aftur.

Í mars voru útbúnir fánar og velkomin skilti á þeim tungumálum sem tengjast leikskólanum, en þau eru Pólland, Bandaríkin, Danmörk, Færeyjar, Noregur, Ísland og Svíþjóð. Hanga skiltin og fánarnir í fataherbergi Regnbogans.

Í apríl var farið heimamenningarvinnu. Börnin völdu sér karton sem þau fóru með heim og útbjuggu veggspjald með foreldrum sínum um það sem þau vildu sína að heiman. Börnunum þótti þetta mjög skemmtileg vinna og höfðu gaman af því að skoða veggspjöld hvors annars. Hugmynd kom svo frá börnunum að gaman væri ef starfsmenn myndu líka útbúa heimamenningar-veggspjald svo þau gætu séð hvernig væri hjá þeim. Starfsfólkið framkvæmdi að sjálfsgöðu þessa góðu hugmynd og útbjó einnig veggspjald fyrir sig. Einnig langaði börnunum að sjá hjá litlu börnunum á Dropanum og var þeirri hugmynd komið áfram til starfsmanna Dropans, en ekki hefur verið farið í það.

Í apríl settu börnin niður sólblómafræ, hvert setti eitt fræ í skyrdollu. Hvert barn fékk svo það verkefni að hugsa um sína plöntu með því að passa upp á að vökva reglulega og skrá á þar til gert eyðublað. Í sumar fara svo börnin með sína plöntu heim.



Á degi Umhverfisins var haldinn fundur með elsta árganginum í leikskólanum um flokkun á rusli og hvað brotnar niður í náttúrunni og hvað ekki. Börnin voru virk og áhugasöm um málefnið og vissu mikið. Farið var í plockunarferð um hverfið þennan dag og plokka rusl var ákveðið með barnahópnum að gera smá tilraun. Grafin var hola og bananahýði sett ofan í hana. Börnin komu með þá tilgátu að bananahýðið yrði að mold. Önnur hola var grafin og plast sett ofan í hana. Börnin komu með þá tilgátu að það væri slæmt fyrir náttúruna. Við ætlum að skoða þetta fyrir sumarfrí og sjá hvað hefur gerst og hvort tilgáturnar standist. Nánar má lesa um þennan skemmtilega dag hér: <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/frettir/dagur-umhverfisins-25-april>.

Í vetur skiptum við út handklæðum og pappírspurrkum fyrir fjölnota handþurrkur og kemur það vel út. Matráðurinn okkar er hönnuðurinn af handþurrkunum. Hún klippti niður handklæði í ákveðna stærð og sikk-sakkaði endana.

Í allan vetur höfum við haldið áfram frá fyrra ári að syngja á fjölbreyttum tungumálum í söngstundum. Farið hefur verið frekar óreglulega í göngu og/eða vettvangsferðir í nærumhverfi leikskólans. Hugarfrelsisstundum var skipt út fyrir hvíldarstundir eftir hádegisverðinn. Starfsfólkið var að koma vinastundum inn í sína rútínu og skipulagningu og var það nóg að vinna með. Börnin una sér einnig vel í hvíldarstundunum og ná góðri hvíld. Börnin eru með vatnsbrúsa að heiman og gengur það samstarf vel.

Eyrún Jóna Reynisdóttir, maí 2023

Önnur verkefni sem tengjast sjálfbærni/umhverfismálum við skólann
Önnur fjölbreytt verkefni hafa verið unnin í leikskólanum sem tengjast sjálfbærni og/eða umhverfismennt. Í öllu starfi og öllum verkefnum hugum við að því að sjónarmið umhverfisnefndar séu skýr. Ávallt er horft til þess hvort við séum að nota efnivið sem er umhverfisvænstur í verkefnið og hvort við getum farið aðrar leiðir sem eru umhverfisvænni.

Unnið hefur verið með veðurfræðing dagsins þar sem börnin fengu það hlutverk að kanna veðrið og áætla útífatnað í tengslum við veðurfar dagsins. Hresst var upp á það hlutverk og heitir það nú

Aðstoðar-Lubbi dagsins. Aðstoðar-Lubbi kannar veðrið og setur upp veðrið og útífatnað sjónrænt í fataherberginu. Ábyrgðarhlutverk sem börnin hafa gaman af að sinna.



Fuglafóðursgerð hefur verið árviss viðburður hjá okkur. Við erum nú farin að hengja fóðrið í trén svo fuglarnir geti verið meira í friði. Gaman er að fylgjast með fuglunum og höfum við fengið fregnir að því að börnin biðja um að gera fuglafóður heima líka og hafa fjölskyldumeðlimir fengið uppskrift hjá okkur. Unnið var fuglafóður fyrri veturinn, en ekki seinni. Á báðum deildum hefur verið rífið niður afgangsbrauð og ávexti eftir nónhressingu og sett út á grasflöt fyrir fuglana yfir veturinn. Eftir nokkur skipti eru fuglarnir farnir að bíða í trjánum eftir góðgætinu sem vekur mikla lukku hjá börnunum.

Á vorin fylgjumst við svo með komu farfuglana og setjum upp myndir af þeim fuglum sem við höfum séð að eru komnir til landsins. Stundum er unnið meira með fuglana. Nú í vor útbjuggu börnin t.d. klippimyndir af fuglunum.



Á Degi umhverfisins í apríl fara allir út að fegra umhverfi sitt. Við tínum rusl af skólalóðinni og í nágrenni. Óvenju mikið rusl fannst í apríl 2023 miðað við síðustu ár. En börnin týndu þá í kringum vinnusvæði á Háamel.



Síðan haustið 2013 hefur eldri deildin verið með tré í fóstri, fylgst með því vaxa og dafna. Aukin umferð þungaflutninga við leikskólann vegna nýbygginga hefur gert það að verkum að lítið hefur verið farið í Hundraðekruskóg til að fylgjast með trénu okkar. En með hækkandi sól og minni umferð stefnum við þangað til að fylgjast með trénu og að leika okkur í skóginum.

Við notum tölvupóst, heimasíðu, Karellen og skilaboðatöflu til að koma skilaboðum milli skóla og heimilis. Aldrei eru sendir miðar heim með börnunum. Lögð áhersla á að nota tölvu eða lpad í stað þess að prenta út gögn.

Í skólasamstarfi elstu barna leikskólans og yngstu barna grunnskólans hefur umhverfismennt komið mikið við sögu. Þá eru um tvær ferðir yfir árið, önnur eða báðar sem börnin fara í vettvangsferðir út í náttúruna, s.s. skógarferð í Álfholtsskóg og fjöruferð.



Í hópastarfi eru unnin könnunarverkefni þar sem tekið er fyrir ákveðið þema eða viðfangsefni. Börnin velja sjálf viðfangsefni og síðan er gerð ítarleg rannsókn á því, út frá áhuga barnanna. Oft eru þemun tengd umhverfi og náttúru. Verkefnin miðast að því að komið er inn á öll námssvið leikskóla. Síðustu tvö ár hafa börnin til að mynda kannað tígrisdýr, risaeðlur, broddgelti og hýenur.

Tenging við aðalnámskrá

Tenging við grunnþætti menntunar:

Læsi: Unnið var í hópum þar sem allir voru virkir og miklar samræður áttu sér stað, s.s. á umhverfisnefndarfundum, göngutúrum og í hópastarfi. Í grenndarnámi kynnast börnin orðaforða umhverfisverndar ásamt hugtökum og staðarheitum í nágrenni.

Sjálfbærni: Unnið er að grenndarnámi. Landakort með mynd af börnum og starfsfólki hangir í fataherbergi. Barnahóparnir eiga sér sælureit. Börnin flokka ruslið. Fræðsla um umgengni og virðingu fyrir náttúrunni. Við hirðum rusl sem finnst í náttúrunni. Við leggjum áherslu á að spara vatn, sápu og orku. Við endurnýtum pappír og annað sem til fellur sem hægt er að endurnýta. Við leggjum áherslu á hófsemi.

Lýðræði og mannréttindi: Börnunum eru kennd lýðræðisleg vinnubrögð, meðal annars í gegnum umhverfisfundi, þar sem þau fá að sjá hvernig fundir virka og hvernig þau geta haft áhrif á umhverfi sitt.

Jafnrétti: Hlustað er á raddir barnanna í öllum verkefnum og þeim leyft að hafa áhrif. Börnin í leikskólanum eiga jafnan rétt til að taka þátt í öllum verkefnum.

Heilbrigði og velferð: Börnin fara reglulega í jóga, slökun og/eða núvitundaræfingar (fyrra árið). Börnin fá hvíldarstund eftir hádegismatinn (seinna árið). Farið er reglulega í göngutúra og vettvangsferðir um nærumhverfið. Börnin fá holla næringu. Við leggjum áherslu á hófsemi og tökum reglulega umræðu um matarsóun.

Sköpun: Í tengslum við grænfánaverkefnið var unnið að fjölmörgum skapandi verkefnum þar sem megináhersla er á sköpunarferlið sjálft sem er mikilvægur þáttur í þroska barnsins. Börnin velta fyrir sér hvaða efnivið þau geta nýtt úr endurvinnslukassanum og nýta hann gjarnan í skapandi vinnu. Mikil sköpun tengdist t.d. gerð velkomin-skilta og fánagerð. Mikil sköpun á sér stað í könnunarverkefnum barnanna.

Tenging við skólanámskrána

Við endurgerð skólanámskrárinnar síðustu ár hafa áherslur umhverfismenntar og sjálfbærnis verið hafðar að leiðarljósi. Áherslur umhverfismenntar ganga því eins og rauður þráður í gegnum alla skólanámskrána og þannig í gegnum allt skólastarfið.

Að upplýsa og fá aðra með

Leikskólinn er stoltur Grænfánaskóli og er lögð áhersla á að nýta hvert tækifæri til vekja athygli á grænfánaverkefninu. Með reglulegum tölvupóstum bæði frá deildarstjórum og leikskólastjóra fá foreldrar upplýsingar um hin ýmsu grænfánaverkefni sem börnin fást við. Þá fá foreldrar myndir í gegnum leikskólakerfið Karellen.

Eitt tengt foreldrasamstarfi er skemmtilegt að nefna, en ein móðir fann dauða mús og kom með hana í leikskólann til að leyfa börnunum að sjá músina. Svo voru settar inn myndir á Karellen þannig að allir sæju.



Umhverfisverkefni leikskólans eru kynnt á heimasíðu skólans. En á heimasíðunni hefur Grænfáninn sér síðu þar sem má finna ýmsar upplýsingar um Grænfánann, umhverfissáttmála Skýjaborgar, fundargerðir o.fl. Sjá nánar hér:
<https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skyjaborg/aherslur/umhverfismennt>

Þegar aðrir leikskólastarfsmenn koma í heimsókn er vel farið yfir alla umhverfismennt sem leikskólinn vinnur að og hefur unnið að.

Umhverfissáttmáli

Hér fyrir neðan má sjá umhverfissáttmála Skýjaborgar. Hann er kominn til ára sinna, fullorðinsmiðaður og hefur verið planið síðustu ár að taka hann til endurskoðunar og/eða útbúa eitthvað barnvænna, s.s. sönglag eða slagorð. Ekki hefur verið farið í þá vinnu.

Umhverfissáttmáli Skýjaborgar

Í leikskólanum er unnið markvisst að því að minnka það umhverfisálag sem leikskólinn veldur. Við berum virðingu fyrir umhverfi okkar, náttúru, dýra- og mannlífi. Okkar umgengni er öðrum til fyrirmyndar.

Þetta gerir starfsfólk með því að:

- ❖ Hugsa áður en við kaupum.
- ❖ Hugsa áður en við hendum.
- ❖ Fara sparlega með orku inni í leikskólanum.
- ❖ Nýta náttúruna til leikja og náms.

Þetta gera foreldrar með því að:

- ❖ Hafa bílinn ekki í gangi fyrir utan leikskólann
- ❖ Flokka sorp heima fyrir
- ❖ Fara sparlega með hreinlætisvörur og mælast til að nota ekki efni sem hafa skaðleg áhrif á umhverfið.
- ❖ Stuðla að því að fara sparlega með raforku, vatn og eldsneyti.

Þetta gera börnin með því að:

- ❖ Passa upp á að ljós séu ekki kveikt þar sem dagsbirta dugir.
- ❖ Nýta náttúrulega hluti sem leikefni.
- ❖ Endurnýta verðlaust efni til að leika með.

Unnin hefur verið áætlun um framkvæmd þessa sáttmála. Áætlunin er endurskoðuð fyrir hvert starfsár og markmið metin.

Lokaorð

Þó ekki hafi tekist að uppfylla alveg öll markmið sem sett voru niður í upphafi hefur margt áunnist eins og má lesa hér fyrir ofan. Börn og starfsfólk eru orðin meðvitaðri um hnattrænt jafnrétti. Þetta var gott upphaf að áframhaldandi vinnu við að upplýsa um hnattrænt jafnrétti. Leikskólinn hefur áður unnið með þemað lýðheilsa, en nú voru annars konar spennandi áherslur heldur en hafa verið settar áður, s.s. vatnsbrúsar og útielldhús. Áframhaldandi vinna er í tengslum við útielldhúsið sem er mikil ánægja með.

Margt sem tengist grænfánaverkefninu er orðinn fastur liður í skólastarfinu og er leikskólinn alltaf að bæta við sig þekkingu og takast á við ný verkefni. Ekki er búið að ákveða þemu fyrir næsta grænfánatímabil og fer það fljótt á dagskrá umhverfisnefnda.

Fyrir hönd Skýjaborgar
Eyrún Jóna Reynisdóttir, leikskólastjóri

Fylgiskjal 1 – Fundargerðir

Fundargerðir eru hér með í viðhengi. Einnig má finna allar fundargerðir á heimasíðu skólans: <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skyjaborg/aherslur/umhverfismennt/fundargerdir>

Umhverfisnefndarfundur starfsmanna 16. ágúst 2021

Starfsfólk skoðaði þau þemu sem eru innan Grænfánans. Út frá því starfi sem hefur verið í gangi, kom umræða að við vildum bæta okkur í hnattrænu jafnrétti og ætlum því að hafa það sem þema þetta grænfánatímabil. Eftirfarandi punktar verða hafðir að leiðarljósi við markmiðssetningu, efst er það sem starfsfólk vill helst leggja áherslu á.

- Vinna markvisst með þjóðerni eða uppruna nemenda og starfsfólks innan skólans og kynna þannig ólík lönd og menningarheima.
- Kynna Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Skoða hvaðan hlutir og matur sem við neytum kemur. Kemur allt frá Íslandi eða kemur það frá öðrum löndum líka?

Umhverfisnefndarfundur starfsmanna 20.09.2021

- Tímabilið: Júní 2021 – maí 2023.
- Þema. Við eigum að velja 1-2 þemu til að vinna með á tímabilinu.
 - **Hnattrænt jafnrétti** – valið 16. ágúst 2021.
 - Markmið: Við eigum að setja okkur 5-6 markmið til að vinna með á tímabilinu. Hugmyndir:
 - Gera þjóðerni sem eru innan leikskólans sýnileg með velkomin skilti.
 - Tungumál vikunnar.
 - Heimamenning. Veggspjald.
 - Gerast sólblómaleikskóli.
 - Sækja bækur á bókasafnið um hnattrænt jafnrétti. Lesa og ræða.
 - Annað?
 - Við getum haft tvö þemu og sett okkur einnig önnur markmið tengdu öðru þema
- Hugmyndir: Bækur að heiman. Matarmenning – fá mat frá mismunandi menningarheimum (í tengslum við tungumál vikunnar – skoða einnig þjóð vikunnar). Skoða heimsmarkmiðin. Tungumál vikunnar: fá lög sem tengjast tungumálinu.
- Vantar starfsmann yfir grænfánaverkefninu. Guðrún Magnúsdóttir kosin.
 - Sér um að funda með elsta árgangi. Skrifar fundargerðir eftir þá fundi.
 - Fylgir því að leikskólinn vinni að grænfána-markmiðum sínum í samstarfi við leikskólastjóra.
 - Les yfir greinagerð sem leikskólastjóri gerir í lok tímabils, aðstoðar leikskólastjóra eftir þörfum.
- Allir starfsmenn:
 - Hafa umhverfisverndar-sjónarmið að leiðarljósi í öllu sínu starfi.
 - Vinna að markmiðum Grænfána í samstarfi við starfsmann.
- Öll börn í leikskólanum eiga að koma að því að vinna að markmiðum Grænfánans með einhverjum hætti. Vinnan er ekki í höndum eins starfsmanns!

Umhverfisnefndarfundur starfsmanna 12.10.2021

- Umhverfisnefndarfundur
 - Tungumál mánaðarins: Enska – pólska – franska – norska – danska – moldovska
 - Setja grænfánamarkmið undir mánaðardagatal til að minna starfsfólk á og upplýsa foreldra betur.

Grænfánafundur 26.10.2021

Mættur er elsti árgangur skólans ásamt verkefnastjóra.

Byrjað var á að rifja upp hvað Grænfáinn stendur fyrir.

Rætt var um þema vetrarins og þurfti að útskýra fyrir börnunum hugtökin hnattrænt og jafnrétti.

Ákveðið var að gera þjóðerni innan leikskólans sýnileg með því að útbúa velkomin skilti á þeim tungumálum.

Ákveðið var að byrja á frönsku þar sem einn í hópnum er með frönsku sem móðurmál.

Börnin vilja skreyta skiltið með svissneska fánanum. Einnig komu fram hugmyndir um að teikna, mála, sauma, prjóna og perla fánann.

Aðeins var rætt um fátæk börn í Afríku að þau hafi ekki sömu réttindi og börnin í Skýjaborg.

Guðrún Magnúsdóttir, verkefnisstjóri

Umhverfisnefndarfundur starfsmanna 23.2.2022

- **Grænfáinn:** Staðan?
 - Velkomin skilti: Við viljum að velkomin skiltin séu komin upp fyrir foreldrakaffið 16. mars.
 - Heimamenning: Kaupa karton A3 í nokkrum litum.

Umhverfisnefndarfundur starfsmanna 10. júní 2022

Mættar: Guðrún, Sigurbjörg og Eyrún ritar fundargerð

1. Farið var yfir hvað var gert í vetur út frá fundargerðum og aðgerðaráætlun. Skrifað mat inn í excel skjalið: Aðgerðaráætlun Grænfána 2021-2023.
2. Vantar fundargerð um svissnesku hugmyndirnar og verkin sem þau unnu í kringum það. Guðrún gerir.
3. Vantar fundargerð um útielddhúsið. Eyrún gerir í samstarfi með Báru.

Í vetur var áætlað að gera þjóðerni sem eru innan leikskólans sýnileg með *velkomin* skilti.

Byrjað var á þessari vinnu, búið var að mála *velkomin* stafi og klippa út. Einnig var búið að útbúa *velkomin* á frönsku þar eitt frönskumælandi barn er í umhverfisnefnd barna. Sú vinna stoppaði þegar stór hluti Regnbogabarna þurfti að sækja leikskóla tímundið í tæpan mánuð í Heiðarskóla. Haldið verður áfram með þessa vinnu í ágúst.

Í vetur var einnig áætlað að börnin gerðu í samstarfi við foreldrana veggspjöld með heimamenningu sinni. Við komumst ekki af stað með þetta verkefni en stefnum á það strax í haust.

Við höfum aðeins verið að vinna að því að kynna ólíka menningarheima fyrir börnunum og aðstæðna jafnaldra þeirra í fjarlægðum löndum. Haldið verður áfram með þá vinnu. Við höfum verið dugleg að syngja á ólíkum tungumálum í sameiginlegum söngstundum 1x í viku, s.s. ensku og pólsku.

Við byrjuðum að vinna að útielldhúsi og drullumalli á leikskólalóðinni. Einn góður faðir ásamt afa útbjó útielldhús og gaf okkur. Við höfum verið að fresta því að fá mold og sand því það eru svo margir kettir í hverfinu okkur núna og nýr sandur og mold yrði líklega bara flott klósett fyrir þá. Við höfum því verið að hugsa hvernig hægt sé að útbúa þetta þannig hægt sé að loka svæðinu eða loka yfir moldina og sandinn.

Farið hefur verið í reglulegar göngu og/eða vettvangsferðir í vetur. Einnig hafa börnin farið í reglulega hugarfrelsisstund þar sem farið er í jóga, hugleiðslu, slökun og/eða nútíttundaræfingar. Allir foreldrar hafa verið hvattir til að koma með vatnsbrúsa að heiman fyrir barnið sitt. Er þetta vel komið í sessi á Dropanum og brúsum fer hratt fjölgandi á Regnboganum.

Umhverfisnefndarfundur starfsmanna 15. ágúst 2022

- Verkefnastjóri: Guðrún komin í ársleyfi. Okkur vantar nýjan verkefnastjóra yfir Grænfánanum með Eyrúnu: Karina tekur það að sér.
- Staðan: Hvað ætlum við að framkvæma í haust? Farið yfir aðgerðaráætlun. Hvað er í vinnslu og hvað þarf að gera í vetur.

Fundargerð janúar 2023 - matarsóun

- Rætt var við börnin við matarborðin um matarsóun og um mikilvægi þess að skammta minna á diskana og fá sér frekar aftur.
- Við eitt matarborðið kom hugmynd að gefa smá fuglunum afgangana, brauð, kex og ávexti. Við skelltum þessu strax í framkvæmd og það var fljótt að gerast að það fór að fylltist allt af smá fuglum kringum nónhressinguna fyrir utan gluggan hjá okkur.



Umhverfisnefndarfundur starfsmanna 23.2.2023

- **Grænfáninn:** Farið yfir stöðu og hvað framundan er. Þörf á að fara í heimamenningu-verkefnið.
- **Sorphirða og flokkun**
 - Ný tunna væntanleg. Meiri flokkun
 - Fjórar tunnur úti: Matarleifar - Pappir og pappi - Plastumbúðir - Blandaður úrgangur
 - Inni: Málmur - Gler og postulín – Flöskur- Textíll
 - Ath. Verið er að kanna möguleika á losun á gleri og málm í leikskólanum, svo við þurfum ekki að sjá um skil á grenndarstöð.

- Undirbúningur: Vantar undir plast.
- Flokkun á deildum
- Flokkun í eldhúsi – þörf á tunnum. Tunnu t.d. á ganginn undir fjórum hólfum eða undir vaskinn. Ath. þrifvagninn þarf að komast framhjá. Er hægt að hengja upp tunnurnar á vegg þannig að auðvelt sé að skúra undir?
 1. ál
 2. gler
 3. pappír/pappa
 4. plast
 5. Almennt sorp
 6. lífrænt
- Flokkun á kaffistofu – þörf á tunnum. Eða hafa sameiginlegt með eldhúsi ef næst að hafa tunnur miðsvæðis.
- Eyrún: heyra í Siggu Láru, hvar hún keypti tunnur fyrir Heiðarskóla.
- Óvissa með flokkun: Skráum það hjá okkur og sendum fyrirspurn á íslenska gámafélagið.
- Græni gámur: pappírsgámur brotinn.

Fundargerð mars 2023 Velkomin skilti

- Fórum yfir með börnunum í litlum hópum hvaða lönd tengdust leikskólanum upp á fánana og velkomin skiltin sem eru á þessum tungumálum. Það er Pólland, Bandaríkin, Danmörk, Færeyjar, Noregur, Ísland og Svíþjóð.
- Karina aðstoðaði börnin við að mála fánana á niður klippta pappakassa. Öll börnin fengu að taka þátt sem vildu.
- Fánarnir og velkomin skiltin voru hengd upp í fataklefanum og allir starfsmenn eru virkir að ræða um fánana og lesa á skiltin á öllum tungumálunum með börnunum. Mikill áhugi var fyrir þessu verkefni með barnahópnum og börnin stolt að sýna sinn fána.

Fundargerð apríl 2023 Heimamenning

- Við ræddum við öll börnin að allir mættu velja sér lit á kartoni til að fara með heim og að þau ætluðu að föndra svo með fjölskyldu sinni eitthvað á kartonið sem þau vildu sýna okkur í leikskólanum frá þeirra heimamenningu. Eyrún leikskólastjóri var jafnframt búin að senda tölvupósta á foreldra til að útskýra þetta samvinnu verkefni milli heimili og skóla um heimamenningu.
- Fljótlega fóru kartonin að skila sér inn eitt af öðru og allir starfsmenn voru virkir í daglegu starfi að skoða kartonin með börnunum og gefa hverju barni tíma til að segja frá sínu kartoni.
- Hugmynd kom svo frá börnunum að gaman væri ef starfsmenn myndu gera líka frá sinni heimamenningu svo þau gætu séð hvernig væru hjá okkur. Það leist okkur vel á og erum að vinna í því.
- Einnig langaði þeim að sjá hjá litlu börnunum á Dropanum við erum búin að koma þeirri hugmynd áfram 😊

Fundargerð apríl 2023 Dagur umhverfisins

Á Degi umhverfisins var haldin fundur með elsta árganginum í leikskólanum um flokkun á rusli og hvað brotnar upp í náttúrunni og hvað ekki. Börnin voru virk og áhugasöm um málefnið og vissu mikið. Þar sem við vorum að fara í ferð þennan dag að plokka rusl var ákveðið með barnahópnum að gera smá tilraun. Grafa bananahýði sem börnin sögðu að myndi breytast í mold og svo plast sem þau sögðu að væri slæmt fyrir náttúruna. Við ætlum svo að vitja þess fyrir sumarfrí og sjá hvort eitthvað hafi gerst.

Fylgiskjal 2 – Gátlisti – haust 2021



Umhverfismat

Gátlisti fyrir leikskóla og yngsta stig grunnskóla

Listinn er hugsaður til að auðvelda nemendum að framkvæma umhverfismat fyrir þemað hnattrænt jafnrétti í upphafi nýs Grænfánatímabils.

Miðað er við að krakkar á aldrinum 4-9 ára framkvæmi matið með aðstoð kennara, sem les fyrir þá spurninguna og leiðbeinir þeim í gegnum matið. Við hverja spurningu merkja börn við bros- eða fýlukall eftir því sem við á.

Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en stendur á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan hvers þema. Það ætti að auðvelda honum að ákveða innan hvaða þema hann vill taka sig á og setja sér markmið.

ATH! Ekki er nauðsynlegt að prenta allan listann út. Hægt er að fylla út í hann í tölvum, spjaldtölvum og jafnvel sínum. Ef skólar vilja prenta listann út er mælt til þess að prentað sé báðu megin og í stærð A5. Einnig má plasta listann og nota aftur og aftur.

Merkingar:



Nemendur geta fundið svarið sjálfir án mikillar aðstoðar



Nemendur gætu þurft að leita sér aðstoðar frá kennurum til að svara spurningunni



Nemendur þurfa að mæla eða rannsaka hlutinn til að svara spurningunni


Dagsetning: 13. sept 2021

Hverjir gerðu rannsóknina?

Védis, Gaston, Unnsteinn, Guðjón, Indridi, Jón þór Sigurbjörg, Remmi er ritari

HNATTRÆNT JAFNRÉTTI

Frá hvaða löndum eru krakkarnir í skólanum ykkar?
Vitið þið hvar í heiminum þessi lönd eru?



	Já	Nei	Ath.
Hafið þið lært eitthvað um löndin sem nemendur skólans koma frá?			
Hafið þið lært eitthvað um fleiri lönd?			Af öllum löndum þú löndur
Takið þið þátt í verkefni eins og Sólblómaverkefni SOS eða öðru, þar sem þið kynnist börnum annars staðar í heiminum?			
Hafið þið heyrt sögur um börn, dýr eða annað frá fjarlægum löndum?			
Vitið þið hvaðan maturinn ykkar kemur t.d. grænmetið og ávextirnir?			Vitlendur Gaston
Vitið þið hvaðan fötin ykkar koma og leikföngin ykkar?			Búið þið þið
Þekkið þið þetta merki?			

Hvað af þessu skiptir mestu máli í lífinu?



Fjölskyldan mín



Að eiga spjaldtölvu



Heimilið mitt



Að eiga mikið af dótí



Skólinn



Vinir mínir



Matur og drykkur



Að fara oft til útlanda

Eitthvað fleira?

Fara í hegðland.
Fara til Afriku

	Vitið þið að það hafa ekki allir krakkar í heiminum allt sem þau þurfa svo þau geti lifað góðu lífi?			
	Hafið þið lært um krakka sem hafa ekki allt það sem þau þurfa til að lifa góðu lífi?			
	Getið þið hjálpað þessum krökkum einhvernvegin?			Væð vinur leita saman skiptast á ekki beget ekki í ljóðaleik
	Ef já, hvernig getið þið hjálpað?			krúsa og vera vinur

Hvað getur skólinn gert til að læra meira um hnattrænt jafnrétti?

Hvað dettur ykkur í hug?

Hjóna til útlanda
Lesna bækur
Gera það sem stendur í bókinni
Sjá útlandaþök og auskonar bækur frá útlöndum

